



## Félag háskólakennara

### 9. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2022/2023 haldinn miðvikudaginn 1. mars í Bændahöllinni kl. 11:45

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarioh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Berglind Eva Benediktsdóttir, Ármann Höskuldsson, Íris Davíðsdóttir og Jóna Margrét Ólafsdóttir. Guðmundur Ingi Guðmundsson og Pontus Erik Gunnar Jarvstad, boðuðu förföll. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 1. febrúar 2023.
2. Dagsetning aðalfundar 2023.
3. Kjaramál.
  - i. Staðan í viðræðum BHM/BSRB OG KÍ.
  - ii. Fundur með Áslaugu Helgadóttur.
  - iii. Samvinna með FPR í komandi samningaviðræðum.
  - iv. Næstu skref.
4. Fundur með FPR, um verkefnamiðuð rými.
5. Norrænn fundur, undirbúningur.
6. Húsnæðismál Fh.
7. Fréttir frá BHM.
  - i. Greiðslur v. Háskóladags.
  - ii. Fjarvinnslustefna sbr. fundargerð háskólaráðs.
  - iii. Öryggisnefnd.

#### 1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 1. febrúar 2023

Fundargerð samþykkt.

#### 2. Dagsetning aðalfundar

Ákveðið var að hafa aðalfund félagsins fimmtudaginn 11. maí nk. kl. 15:30. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa hann.

#### 3. Kjaramál

Stjórnarfolk hefur verið upplýst um gang mála hjá viðræðum BHM/BSRB/KÍ annars vegar og samflots launagreiðanda á opinberum markaði hins vegar með tölvupóstum frá hagfræðingi BHM. Framkvæmdastjóri sagði frá því næsti fundur milli aðila er áætlaður síðar sama dag, sem gæti reynst úrslitastund um það hvort viðræðurnar haldi áfram.

Baldvin sagði frá samvinnu með FPR og FHA, þar sem unnið er að sameiginlegum texta sem ætlaður er við viðræður félaganna við SNR. Þá var rætt um fund með Áslaugu Helgadóttur og fundarfólk sammála um að sá fundur hefði verið upplýsandi og góður.

Ákveðið var að kalla eftir fundir með FPR ásamt því að eiga fund með fulltrúum HÍ og í framhaldi af því að óska eftir fyrsta fundi með SNR.

#### **4. Fundur með FPR, um verkefnamiðuð rými**

Baldvin og Berglind sögðu frá fundi með Engilbert Sigurðssyni stjórnarmanni og Pétri Henry Petersen úr stjórn FPR vegna málsins. Þar var m.a. farið almennt yfir málið og ljóst að þetta er málefni sem varðar bæði félögin. Hugsunin með breytingum er að nýta rýmin sem best, með nokkrum tegundum af vinnurýmum opnum, lokuðum og blöndu af því ásamt fundarrýmum litlum og stærri. Mikilvægt er að fara inn í þessar breytingar með opnum huga en þó þannig að samningar verði þannig að ef tilraunin reynst ekki góð útfærsla, að þá sé hægt að gera kröfu á ríkið að fara til baka. Vandinn er að það vantar gögn sem styðja við þessar nýju hugmyndir að húsnæðisrými.

Rætt var um að fá sviðsstjóra framkvæmda- og tæknimála á stjórnarfund til að kynna hugmyndirnar fyrir stjórn.

#### **5. Norrænn fundur, undirbúningur**

Framkvæmdastjóri Fh og Íris sögðu frá fundi með fulltrúum Atlantik, fyrirtæki sem mun aðstoða við skipulagningu og skráningu fundarins. Það var góður fundur og ýmum hugmyndum velt upp sem hægt væri að bjóða uppá til afþreyingar. Fulltrúar Atlantik vinna hugmyndirnar áfram og munu leggja til drög að dagskrá utan hefðbundins fundatíma. Ákveðið var að senda póst á fulltrúa sem fyrst með fyrstu upplýsingum um dvalarstað.

#### **6. Húsnæðismál Fh**

Framkvæmdastjóri sagði frá fyrirhuguðum húsnæðisleit BHM. BHM hefur ákveðið að Borgartún 6 henti starfsseminni ekki lengur, sé bæði viðhaldslega og stærðarlega of dýrt. Því hefur bandalagið hafið leit að nýju leiguhúsnæði og boðið félögum utan Borgartúnsins að vera með. Félag háskólakennara hefur fengið munnlegt viljrði fyrir því að geta leigt skrifstofu af HÍ næstu tvö árin. Miklar líkur eru til þess að þegar starfsemi Hótel Sögu verður komið á fulla ferð og starfsfólk og nemendur MVS flytja í húsið, að leigusamningi félagsins verði sagt upp. Framkvæmdastjóri hefur því óskað eftir því að stjórn félagsins gefi grænt ljós á það að félagið megi gefa BHM jákvætt svar um að gera ráð fyrir því í þarfagreiningu nýs húsnæðis fyrir bandalagið. Málið rætt og ýmsum kostum og göllum velt upp við þann möguleika að skrifstofuhúsnæði félagsins fari af háskólasvæðinu.

Ákveðið var að framkvæmdastjóri megi tilkynna BHM það að gert verði ráð fyrir Félagi háskólakennara í þarfagreiningu nýs húsnæðis fyrir bandalagið.

#### **7. Fréttir frá BHM**

Baldvin sagði frá formannaráðsfundi BHM án stjórnar þar sem m.a. var rætt um launakjör formanns bandalagsins. Niðurstaðan var að fresta umræðu fram yfir kjarasamningsviðræður.

#### **Önnur mál**

##### **i. Greiðslur fyrir störf á háskóladeginum**

Rætt var um að taka upp í samráðsnefnd um kjaramál mikilvægi þess að samræma þurfi greiðslur fyrir þátttöku starfsfólks á háskóladeginum.

##### **ii. Fjarvinnustefna sbr. fundargerð háskólaráðs**

Stefnan er í fundargögnum fundarins til upplýsingar.

##### **iii. Öryggisnefnd**

Baldvin sagði frá erindi sem honum hafði borist um öryggisnefnd. Hugmyndin er sú að öll fræðasvið HÍ muni hafa öryggisnefnd og formenn þeirra skipa öryggisnefnd HÍ. Berglind fagnar þessu og sagði mjög mikilvægt að þessu máli verði komið í lag og í fastari skorður.

**iv. Veikindi nýdoktora á styrk**

Íris tók málið upp af gefnu tilefni og vildi vekja athygli á því að þrátt fyrir afgreiðslu fjármálanefndar um fjármögnun veikindaréttar styrkþega frá því í september 2021, sé sú ákvörðun ekki gerð miðlæg og því ekki öllum ljóst hvernig á að meðhöndla þessi mál. Ákveðið að taka fyrir í samráðsnefnd um kjaramál.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 13:15.

Næsti fundur miðvikudaginn 5. apríl kl. 11:45 í Bændahöllinni.